

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 355/1996.

Inga Gunnarsdóttir

(Sveinn Skúlason hdl.)

gegn

Ólafi Ragnari Sigurðssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skilnaðarsamningur. Lífeyrir. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 600.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags af fjárhæðum, sem nánar eru tilgreindar í héraðsdómi, allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 140.000 krónur, sem greiddar voru sem hér segir: 100.000 krónur 15. september 1991, 15.000 krónur 15. desember 1991 og 25.000 krónur 15. mars 1992. Til vara krefst áfrýjandi úr hendi stefnda annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 23. október 1996.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, skuldbatt stefndi sig með samningi 13. ágúst 1991 um skilnaðarkjör vegna skilnaðar að borði og sæng til þess að greiða áfrýjanda lífeyri frá 1. júlí 1991 til júníloka 1992, að fjárhæð 50.000 krónur á mánuði, alls 600.000 krónur. Óumdeilt er, að stefndi hefur þegar greitt áfrýjanda 140.000 krónur til efnda á samningi þessum. Hins vegar heldur stefndi því fram, að forsendur hafi brostið fyrir frekari greiðslum, sökum þess að stefndi hafi í reynd efnt skyldur sínar samkvæmt samningsákvæðinu um lífeyrisgreiðslur með ýmiss konar fjárframlögum og öðrum stuðningi við áfrýjanda, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Með vísun til forsendna héraðsdóms þykir mega leggja til grund-

vallar, að áfrýjandi hafi að mestu leyti notið framfærslu stefnda á heimili hans frá því í maí 1992 og til vors 1993. Af þeirri ástæðu og þegar litið er til málavaxta að öðru leyti, verður fallist á, að stefnda sé óskylt að greiða áfrýjanda lífeyri fyrir tvo síðustu mánuðina, sem samningurinn tekur til, það er maí og júní 1992. Stefndi hefur hvorki lagt fram gögn, sem sýni, að hann hafi lagt áfrýjanda til fé umfram skyldu veturinn 1991 til 1992, né bent á önnur haldbær rök fyrir því, að honum sé ekki skylt að efna loforð sitt um lífeyrisgreiðslur fram að 1. maí 1992.

Ekki verður talið, að áfrýjandi hafi með tómlæti glatað rétti til að krefjast greiðslu eftir samningnum 13. ágúst 1991. Stefndi hefur ekki gert sérstaka athugasemd við kröfu áfrýjanda um dráttarvexti frá fyrsta degi mánaðar. Verða dráttarvextir því dæmdir frá þeim upphafsdögum, sem krafist er, en stefndi hefur ekki borið fyrir sig, að krafa hans um dráttarvexti sé að einhverju leyti fyrnd.

Samkvæmt því verður stefnda gert að greiða áfrýjanda 500.000 krónur að frádregnum framangreindum innborgunum, alls að fjárhæð 140.000 krónur, eða 360.000 krónur með dráttarvöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað, en að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Ragnar Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Ingu Gunnarsdóttur, 360.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 50.000 krónum frá 1. júlí 1991 til 1. ágúst 1991, af 100.000 krónum frá þeim degi til 1. september 1991, af 150.000 krónum frá þeim degi til 15. september 1991, af 50.000 krónum frá þeim degi til 1. október 1991, af 100.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, af 150.000 krónum frá þeim degi til 1. desember 1991, af 200.000 krónum frá þeim degi til 15. desember 1991, af 185.000 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1992, af 235.000 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, af 285.000 krónum frá þeim degi til 1. mars 1992,

af 335.000 krónum frá þeim degi til 15. mars 1992, af 310.000 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1992 og af 360.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal vera óraskað.

Stefndi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun lögmanns hennar fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 21. ágúst 1995.

Stefnandi er Inga Gunnarsdóttir, kt. 020851-2879, Unufelli 21, Reykjavík, nú búsett í Danmörku.

Stefndi er Ólafur Ragnar Sigurðsson, kt. 140241-4829, Brekkum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 600.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum allt að frádregnum 140.000 kr.]. Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu ásamt álagi, er nemi virðisaukaskatti.

Vegna málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, stefndi, sonur aðila, Gunnar Kristinn, og faðir stefnanda, Gunnar Einarsson.

Málavextir.

Hinn 13. ágúst 1991 gerðu aðilar með sér samning um skilnaðarkjör vegna skilnaðar að borði og sæng. Með samningi þessum tókst stefndi á hendur greiðsluskyldu á lífeyri til stefnanda, 50.000 kr. á mánuði frá 1. júlí 1991 í tólf mánuði. Stefnandi skyldi hafa forræði tveggja dætra aðila, f. 14. janúar 1980 og 11. september 1986, og skyldi stefndi greiða með þeim meðalmeðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. júlí 1991 til fullnaðs 18 ára aldurs að telja. Sonur aðila, f. 13. mars 1975,

valdi að búa hjá stefnda, og skyldi meðlag stefnanda með honum skulda-
jafnast við meðlagsgreiðslur stefnda með dætrunum.

Af umsömdum lífeyrisgreiðslum hefur stefndi að sögn stefnanda einungis greitt 140.000 kr. Þær greiðslur hafi verið greiddar þannig: 100.000 kr. 15. september 1991, 15.000 kr. 15. desember 1991 og 25.000 kr. 15. mars 1992. Stefndi telur sig hafa greitt mun meira, en hefur hvorki gögn um það né þær greiðslur, sem stefnandi viðurkennir að hafa fengið.

Við skýrslutökur í málinu kom fram, að samvistir og samskipti aðila, eftir að þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 15. ágúst 1991 og þar til þau fengu leyfi til lögskilnaðar í október 1993, hafa verið mikil og margvísleg, enda þótt þau séu ekki alveg sammála um, hversu mikil þau hafi verið og þá hve mikið stefnandi hafi dvalist á heimili stefnda á þessum tíma.

Fram kom hjá stefnanda, að á þessum tíma hefðu telpurnar alltaf verið með henni; þó hafi telpurnar verið einar hjá föður sínum í tvo mánuði. Stefnandi kvaðst alltaf hafa fengið meðlag með telpunum og fá enn, enda þótt eldri telpan sé á heimili föður síns. Núna er yngri telpan hjá móður sinni í Danmörku.

Ekki virðist stefnandi hafa haft tekjur, eftir að aðilar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng og þar til þau fengu leyfi til lögskilnaðar, en að sögn hefur stefnandi verið á örorkubótum frá því sumarið 1993.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefndi skuldi stefnanda lífeyris- og framfærslugreiðslur samkvæmt ákvæðum 4. gr. samnings aðila um skilnaðarkjör, sbr. 1. mgr. 43. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sbr. 45. gr. sömu laga.

Um rökstuðning vísar stefnandi til samnings aðila, hjúskaparlaga nr. 31/1931, sbr. eldri ákvæði 140. gr. sömu laga. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt af málflytningu er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Um varnarþing er vísað til 10. gr. í skilnaðarsamningi aðila, sbr. ákvæði 115. gr. laga nr. 31/1993.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi ekki talið sér skylt að greiða stefnanda umsaminn lífeyri. Þegar eftir skilnað aðila hafi stefnandi átt í verulegum persónulegum erfiðleikum, og hafi stefndi þurft að fara til Reykjavíkur og ná í stefnanda og dætur þeirra margsinnis árin 1991 og 1992, og hafi þær mæðgur dvalist hjá stefnda töluverðan hluta af umsömdu ári, frá 1. júlí 1991 til 1. júlí 1992. Vegna vandræða sinna hafi stefnandi svo dvalist á heimili stefnda að Brekkum samfelld frá því í maí 1992 og til og með júní 1993, alls í þrettán mánuði, ásamt dætrum sínum. Á þessum tíma hafi

stefnandi fengið fullt meðlag og aldrei greitt neitt til heimilis. Þar að auki hafi hún fengið töluverða peninga og tekið út vörur til eigin þarfa hjá S. S. Stefndi telur sig eiga rétt á að skuldajafna 60.000 kr. á mánuði í þrettán mánuði, samtals 780.000 kr., með dráttarvöxtum frá maí 1992 til greiðsludags.

Stefndi telur forsendur fyrir lífeyrisgreiðslum samkvæmt skilnaðarsamningi hafa brostið, með því að stefnandi og dætur hennar dvöldust langdvölum hjá stefnda, en þó hafi stefnandi fengið meðlag á þeim tíma. Verði ekki fallist á, að forsendu hafi brostið fyrir lífeyrisgreiðslum, telur stefndi sig eiga skuldajafnaðarkröfu á stefnanda vegna framfærslukostnaðar í þrettán mánuði.

Niðurstæða.

Þegar til þess er litið, sem fram kom við skýrslutökur hér fyrir dómi, og þá sérstaklega framburðar sonar aðila og svo þess, sem fram kemur í fram lögðu vottorði aðstoðarskólustjóra Hvolsskóla, þar sem segir, að dætur aðila, þær Jóhanna, fædd 1980, og Halldóra, f. 1986, hafi verið nemendur í Hvolsskóla veturinn 1992 – 1993 og þá verið báðar til heimilis að Brekkum í Hvolhreppi, þykir bera að leggja til grundvallar, að stefnandi og börn aðila hafi haft framfærslu hjá stefnda á heimili hans að Brekkum frá því í maí 1992 og til vors 1993, enda er fram komið, að stefnandi var tekjulaus á þessum tíma. Jafnframt þykir fram komið, að stefndi hafi veitt stefnanda ýmiss konar aðstoð á tímabilinu ágúst 1991 til vors 1992. Þar fyrir utan hefur stefnandi fengið meðlög með dætrum aðila, frá því að gefið var út leyfi til skilnaðar að borði og sæng, enda þótt önnur eða báðar hafi dvalist hjá stefnda. Verður því að telja, að stefndi hafi þegar sinnt umsaminni framfærsluskyldu sinni gagnvart stefnanda og brostnar séu forsendur fyrir frekari lífeyrisgreiðslum frá stefnda til stefnanda.

Hér er og á það að líta, að við fyrirtöku lögskilnaðarmáls aðila 27. október 1993, en þar voru hjónin sammála um að æskja lögskilnaðar, var ekkert minnst áætlaða skuld vegna ógreidds framfærslueyris.

Niðurstæða málsins verður sú samkvæmt framansögðu, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

1070

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Ragnar Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingu Gunnarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
